

Trúnaðarmanna- námskeið

14. Desember 2022

Frá-til

Lýsing

08:00-08:30

Húsið opnar. Kaffi og brauðmeti.

08:50-10:30

Vinnuréttindi – lestur launaseðla

Almenni. *Stjórnarsalur.*

Opinberi. *Stóri salur.*

10:30-10:50

Kaffihlé

10:50-12:00

Staðan í kjaraviðræðum. Stefán Ólafsson og Sólveig Anna Jónsdóttir. Glærुकyning og umræður.

12:00-12:45

Hádegismatur

12:45-13:45

Uppbrot. Kvikmyndasýning. Seinni hluti kvikmyndarinnar *Tveir dagar, ein nótt.*

13:45-14:30

Störf trúnaðarmanna. Kyning, umræður og hópavinna um störf trúnaðarmanna. Umræðuefni: *Vinnustaðafundir.*

14:30-14:50

Kaffihlé

14:50-15:45

Störf trúnaðarmanna frh. + samantekt. Samantekt eftir daginn. Heimavinna fyrir næsta námskeið.

15:45-16:00

Kaffi + þakkir fyrir daginn.

Almenni vinnumarkaðurinn - SA

13.5. Fundir á vinnustað

Trúnaðarmanni hjá hverju fyrirtæki skal heimilt að boða til fundar með verkamönnum tvisvar sinnum á ári á vinnustað í vinnutíma. Fundirnir hefjast einni klst. fyrir lok dagvinnutíma eftir því sem við verður komið. Til fundanna skal boða í samráði við viðkomandi stéttarfélag og stjórnendur fyrirtækisins með þriggja daga fyrirvara nema fundarefni sé mjög brýnt og í beinum tengslum við vandamál á vinnustaðnum. Þá nægir eins dags fyrirvari.

Laun verkamanna skerðast eigi af þessum sökum fyrstu klst. fundartímans.

Reykjavíkurborg – gr. 15.6.1

„Trúnaðarmönnum hjá hverri stofnun skal heimilt að boða til fundar með starfsfólki tvisvar sinnum á ári í vinnutíma á vinnustað. Fundirnir hefjist einni klst. fyrir lok dagvinnutíma eftir því sem við verður komið. Til fundanna skal boðað í samráði við Eflingu - stéttarfélag og fyrirsvarsmenn stofnunarinnar með þriggja daga fyrirvara nema fundarefnið sé mjög brýnt og í beinum tengslum við vandamál á vinnustaðnum. Þá nægir eins dags fyrirvari. Laun starfsmanna skerðist eigi af þessum sökum fyrstu klukkustund fundartímans.“

Nýleg dæmi

1. Brim (trúnaðarmaður **Reynaldo Renegado Curato**):
<https://www.efling.is/2022/12/vinnustadafundur-brim/>
2. Samskip (trúnaðarmaður **Bjartmar Freyr Jóhannesson**):
<https://www.efling.is/2022/12/samskipsmennsamthykkja-krofugerð-og-skipa-samninganefnd/>
3. Waldorfskólinn Sólstafir (trúnaðarmaður **Freyr Jóhannsson**)
4. Heimsókn í Hveragerði (**Anna Sigurlína** og fleiri)
5. Eir hjúkrunarheimili (**Mary Jane Munoz**)

Hvernig er góður vinnustaðafundur?

- Vel undirbúinn!
- Með tilteknum atriðum á dagskrá – skýr og vel auglýstur tilgangur
- Boðaður þannig að allir viti af fundinum – og trúnaðarmaður hvetur fólk til að koma!
- Fundarstjórn, Fundargerð
- Skýrar niðurstöður sem er miðlað áfram / unnið áfram með
- Fundarmenn skilja hvað fer fram (túlkun / þýðing)

Dæmi um viðfangsefni vinnustaðafundar

- Kjósa trúnaðarmann
- Kynna starfsemi Eflingar / almenn réttindi á vinnumarkaði
- Tiltekin atriði sem varða kjör fólks á vinnustaðnum (dæmi: stytting vinnuvikunnar)
- Taka saman umkvörtunatriði og mótmæla þeim / bregðast við – hvað er næsta skref?
- Afla fólks í trúnaðarstörf – samninganefnd Eflingar, samninganefnd vinnustaðar?
- Mynda tengsl, kynnast og upplifa samstöðu

Boðun og auglýsing

- Góður fyrirvari (vika?)
- Plakat á kaffistofu
- Rafrænar leiðir? (tölvupóstlisti, workplace...?)
- Tala við fólk maður-á-mann
- Vera með auglýsinguna á ensku og íslensku (og hugsanlega fleiri tungumál)
- Gott að nefna:
 - Að fundurinn sé boðaður með vitneskju og samþykki atvinnurekanda
 - Að það verði túlkun / þýðing á því sem fram fer
- Grunnatriðin: *Staðsetning*, tímasetning (*dagur og klukkan hvað*), *dagskrá*

Hvernig á *ekki* að halda vinnustaðafund

- Fulltrúi atvinnurekandans er viðstaddur eða of nálægur.
- Aðstaða óþægileg eða óheppileg (hávaði, umgangur, engin sæti, enginn skjávarpi fyrir kynningu...)
- Ekkert skýrt / afmarkað umræðuefni
- Illa auglýstur
- Fundurinn bara á íslensku
- Ekkert gerist eftir fundinn
- Haldinn í þrúgandi eða erfiðu andrúmslofti – er betra að gera eitthvað annað fyrst...?

Hvar og hvenær er best að halda fund?

- Ath: Er vani eða hefð fyrir vinnustaðafundum?
Muna: vinnustaðafundur stéttarfélags er ekki sama og starfsmannafundur atvinnurekanda!
- Á vinnustað – er góð aðstaða?
- Það er ávallt í boði að halda vinnustaðafund í Félagsheimili Eflingar!
- Hvað er góð tímasetning? Vaktaskipti? Þarf tvo fundi?

Hvar og hvernig er fundurinn haldinn

- Hægt að halda sameiginlegan fund fyrir fleiri en einn vinnustað (geirafundur)
- Hægt að halda fundinn á vinnustað eða á öðrum stað:
- Fundur í vinnutíma á vinnustað getur verið “captive audience” / fólki getur liðið eins og það sé neytt til að vera á fundinum
- Fundur á öðrum stað / utan vinnutíma (t.d. í Félagsheimili Eflingar um kvöld) laðar að sér áhugasamt fólk og segir okkur hver styrkur félagsfólks er á vinnustaðnum!

Aðstoð skrifstofunnar

- Munið: starfsfólk skrifstofunnar veitir alla aðstoð sem hægt er! Til dæmis: Hafa samband við yfirmenn, útbúa plakat, gera texta, útvega fundarstjóra, útvega túlk, útvega fundarritara, bóka sal í Félagsheimili
- Munið: formaður og starfsmenn geta allt komið og haldið kynningar / setið fyrir svörum – ath. þó að það fer eftir tilgangi og markmiði fundarins
- Alltaf hægt að senda post á felagsmal@efling.is